

Nd. 1241. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar, og skulu söluskýrslur þær, er skipstjórar útflutningsskipanna hafa gefið og greiðsla útflutningsgjalda af fiskinum hefur verið byggð á, lagðar til grundvallar upphæð heildarsöluverðsins.

Nú hefur verið seldur úr skipi erlendis ásamt eigin afla þess fiskur, keyptur í það úr öðrum skipum, og skal þá gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, greitt af heildarsöluverði alls farmsins, að frádragnum þeim hluta þess, er svarar til hlutfallsins milli þunga þess fisks, er keyptur var í skipið, og þunga alls farmsins, er úr því var seldur erlendis.

4. gr.

Tollstjórar þeir, er innheimt hafa útflutningsgjöld af fiskafla þeim, er um ræðir í 2. gr., skulu annast álagningu og innheimtu gjalds þess, er um ræðir í lögum þessum.

Tollstjórar skulu fyrir 1. apríl gera skrá yfir þá, sem gjaldið eiga að greiða, og skal skráin greina, hve miklu gjaldið nemur af hverjum farmi og hve mikið hverjum gjaldanda ber að greiða alls. Skal þetta tilkynnt gjaldendunum bréflaga fyrir sama tíma.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Gjald það, er um ræðir í lögum þessum, fellur í gjalddaga 1. maí 1945.

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af því 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, er greiðslan degst fram yfir gjalddaga.

Gjaldið hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.